

# Ferða -og umhverfisnefnd fundargerð

Landsþing hestamanna á Akureyri 12. okt 2108

Engin tillaga lá fyrir nefndinni fyrirfarm.

Vont hvað skýrslur nefna liggur seint fyrir, skýrslan birtist á netinu degi fyrir LH þing.

Reiðvegafé hefur verið 60 milj á ári síðan 2008, samgönguáætlun liggur fyrir 2019-24 er upphæðin komin í 75 milj, sem Halldór telur of lítið og ætlar að fara fram á meira, eðlileg upphæð samkvæmt verðlagsþróun væri tvöföld upphæðin.

7 svæði á landinu sem starfar saman um skipulagsmál. Stóð til að fella niður reiðleið um Þjófadal sem var mótmælt. Þjófadalir verða opnir áfram en LH reiðveganefnd mun koma að merkingum, frá Gullfossi að Hveravöllum. Sambærileg skilti og eru á höfuðborgarsvæðinu. Vegprestarnir vísa í póstnúmer og eru staðsettir í hnitakerfi, þannig er hægt að staðsetja sig eftir þeim ef fólk gefu upp númerið.

1982 var gert samkomulag við Vegagerðina, sem segir þegar stofnbrautir eru lagðar slitlagi, skal samhliða gera ráð fyrir reiðleiðum á veghelgunarsvæðinu.

Reiðvagahandbók er í endurskoðun og ýmis lagaákvæði orðin úrelt, Haraldur Sigursteinsson hestamaður leiðir verkefnið.

## **Skipulagsmál**

Leiðin yfir Eyjafjörð lokast vegna fluglýsingar, talað er um að gera brú yfir Eyjafjarðará, og leiðinni verði ekki lokað fyrr en reiðleiðin verði leyst í leiðinni. Sé um stonleiðir að ræða verði að tryggja með lögum að það sé ekki hægt að leggja þær af.

Fundurinn vill að hægt sé að fá upplýsingar og reglur um hvernig aðgengi hestamanna sé lögum samkvæmt meðfram ám og vötnum. Óskað verði eftir að lagaákvæði séu skýr um að þetta sé réttur manna að komast. Vantar leikreglur gagnvart landeigendum og sveitarstjórnnum.

Tryggja þarf að verði reiðleið lögð niður af einhverju ástæðum, að tryggð sé önnur leið í staðinn alltaf.

Víða eru landeigendur að loka leiðum t.d fram hjá sumarbústaðalóðum ofl. hver er réttur hestamanna.

Hveravellir eru að verða illnýtanlegir fyrir hestamenn, þar sem þeim er gert að leigja heilu húsin, skaffað ónýtt heyr osfr. Er hægt að senda eh athugasemdir og fara fram á aðstöðu á grunni hefðar og gamalla þjóðleiða.

Mikilvægt að kortleggja fornu leiðirnar til að geta staðið á því að þær séu sannarlega fornar.

Merkar bækur – Vera Roth fornar leiðir í Skaftárþingi og núna fljótlega um leiðir á Mosfellsheiði.

Mætti hefja meira samstarf við göngu og ferðafélögin um samnýtingu.

Í umferðalögum voru engin lög um reiðvegi, nema ein setning um ölvun á farartækjum og hestum. En nú liggja fyrir drög að umferðalögum 3grein 30 liður, reiðstígur er sérstakur stígur fyrir umferð hesta.....

Hver er veghaldari reiðvega? Í dag er engin veghaldari reiðvega, en við skiljum það þannig að það séu sveitafelögin eða ríkið ( segir Halldór).

Það vantar krækju á nýju LH síðunni yfir á gömlu síðuna, til að finna erindi sem ekki er búið að færa yfir, m.a frá þinginu í Borgarnesi. Halldór getur sent linkinn senda honum póst á [bilamalunh@gmail.com](mailto:bilamalunh@gmail.com)

Reiðveganefnd ætlar að leita eftir samstarfi við ferðaþjónustufyrirtækin um aðstöðu og sækja í sjóði t.d ferðamannastaða

Halldór las upp ályktun þingsins í Borgarnesi ( ath bæta því við)

Gamlar girðingar sem slysgildir víða, sem eru á vegum Mast gömlu auðfjárveikivarnargirðingarnar, þarf að fara í átak að fjarlægja og kalla þá til ábyrgðar sem eiga þær. Á einngi við um vegagerðina líka, þeir taka heldur ekki upp ónýtar gamlar girðingar, einnig samtök sveitafélaga bera ábyrgð.

### Öryggismál hestamanna

Slökkviliðið kom með tillögu um að hægt sé að einkenna óvana hestamönnum eða mönnum á óvönnum hestum sýnt var vesti sem kostar um 2500 kr sem gæti verið útfærsla í þessa átt Rauð með viðvörunum. Það þarf að gera átak í að gera kynningarmyndband gangvart hjólandi, hvernig hestar bregðast við áreiti. Gönguskíði eru líka áreiti. Reiðhjól inn á landsmóti fyrir utanbæjarhross var vandamál á síðasta móti.

Í leiðbeiningum sem samband sveitafélaga var að gera varðandi um útfærslur á hjólaleiðum, er hvergi minnst á útfærslur eða skörum við reiðleiðir.

Ályktun til stjórnar:

1. Ferða og umhverfisnefnd þingsins beinir því til stjórnar LH að leita eftir skýrum svörum til umboðsmanns Alþingis um að lagalegur réttur ríðandi umferðar meðfram ám og vatnsbökkum, sé til jafns við gangandi umferð.  
Greinargerð:  
Borið hefur á því að landeigendur loka fyrir leiðum sem samkvæmt hefðum hafa verið færar ríðandi umferð.
2. Nefndin beinir því einnig til stjórnar LH að gamlar aflagðar girðingar sem eru á vegum opinberra aðila t.d Mast, sveitafélaga og vegagerðar, verði send tilmæli um að fjarlægja þær.  
Greinargerð:  
Víða liggja ónýtar girðingar niðri og eru á ábyrgð ofangreindra aðila og geta valdið stórhættu fyrir hross og menn.
3. Nefndin leggur til að settur verði kraftur í öryggismál og forvarnir einkum er snýr að skörun hjólandi og ríðandi umferðar. Samtal og samráð við samtök hjólreiðafólks væri æskilegt.  
Greinargerð:  
Aukin umferð hjólandi í nálægð við reiðleiðir og skörun þeirra getur víða valdið slyshættu.

Nauðsynlegt er að uppfæra hjólreiðamenn um þá hættu sem getur skapast við ákveðnar aðstæður.